

## SAMÞYKKT

### um notkun og hreinsun rotþróa í Eyja- og Miklaholtshreppi.

1. gr.

Skolp frá húsum í Eyja- og Miklaholtshreppi skal leiða gegnum rotþró. Hönnun, stærð og staðsetning rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en á 3ja ára fresti.

3. gr.

Hreinsun fer fram á vegum Eyja- og Miklaholtshrepps eða eigenda húsnæðis og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Allri seyru skal farga á viðurkenndan hátt.

4. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró sem sveitarfélagið annast, skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

5. gr.

Rotþróargjald hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarsjóðs Eyja- og Miklaholtshrepps. Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

6. gr.

Með mál vegna brota gegn samþykkt þessari fer skv. VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

7. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps er hér með staðfest skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gildir frá 1. júlí 2000.

*Umhverfísráðuneytinu, 29. júní 2000.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigríður Stefánsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 919/1999 um viðmiðun ÍSN93, grunnstöðvanet og mælistöðvar til notkunar við landmælingar og kortagerð.

1. gr.

D-liður 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:  
d) meðalhornhraði jarðar  $\omega = 7292115 \cdot 10^{-11} \cdot \text{rad} \cdot \text{s}^{-1}$

2. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Við landmælingar og kortagerð skal nota hnitakerfi á hornsannri keiluvörpun Lamberts,

Þar sem mælikvarðinn er einn á breiddarbaugunum  $64^{\circ}15'$  og  $65^{\circ}45'$  norðurbreiddar. Ásar hnitakerfisins eru nefndir austurás og norðurás. Norðurásinn liggur til norðurs eftir lengdarbaug  $19^{\circ}$  vesturlengdar, en austurásinn hornrétt á norðurásinn til austurs við  $65^{\circ}$  norðurbreiddar. Skurðpunktur ásanna hefur hnitin norður = 500.000,000 metrar og austur = 500.000,000 metrar. Stefna er mæld og reiknuð réttisælis frá norðri til austurs.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga um landmælingar og kortagerð nr. 95/1997, sbr. lög nr. 132/1998, öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 21. júní 2000.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Reykjavík.

*Sævarhöfði 2-2A, skipulag athafnalóðar.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 6. júní 2000 samþykkt skipulag athafnalóðar við Sævarhöfða 2-2A.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Sóltún, Ármannsreitir.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 30. maí 2000 samþykkt skipulag Ármannssvæðis í Sóltúni.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 28. júní 2000.*

**Þorvaldur S. Þorvaldsson** skipulagsstjóri.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag leikskóla við Kópavogsbraut 19, Kópavogi.

Á fundi bæjarstjórnar 25. janúar 2000 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi leikskólalóðar við Kópavogsbraut 19. Í tillögunni felst m.a. að afmarkaður er byggingarreitur fyrir nýjan leikskóla, breytt afmörkun lóðar, ný aðkoma og fyrirkomulag bílastæða við fyrirhugaðan leikskóla. Tillagan var auglýst frá 18. nóvember til 22. desember 1999. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust. Tillagan hefur verið yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Kópavogi, 22. júní 2000.*

**Birgir H. Sigurðsson** skipulagsstjóri.